

### **Samtök Útivistarfélaga (Samút)**

Samút eru samtök 16 útivistarfélaga með samtals 30.000 félagsmenn. Samtökin voru stofnuð 1998 til að vinna að sameiginlegum hagsmunum þeirra sem stunda útivist og ferðalög um Ísland og vera sameiginlegur málsvari útivistarmanna.

Eftirfarandi útivistarfélag eru aðilar að Samút: Bandalag íslenskra skáta, Ferðafélag Íslands, Félag húsbílaeigenda, Fuglaverndarfélag Íslands, Ferðafélagið Útivist, Ferðaklúbburinn 4x4, Hellarannsóknarfélag Íslands, Íslenski Alpaklúbburinn, Jöklarannsóknarfélag Íslands, Kayakklúbburinn, Landssamband hestamannafélaga, Landssamband Íslenskra vélsleðamanna, Landssamband stangaveiðifélaga, Sjálfboðaliðasamtök um náttúruvernd, Skotveiðifélag Íslands, Vélhjólaíþróttaklúbburinn.

### **Ályktun Samtaka Útivistarfélaga 23. janúar 2007.**

#### **Frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarð**

Samtök Útivistarfélaga (Samút) fagna hugmyndum um stofnun Vatnajökulspjóðgarðs en gera jafnframt alvarlegar athugasemdir við þá útfærslu er nú liggur fyrir Alþingi. Með þjóðgarðinum er ætlunin að stíga stórt skref til verndunar miðhálandisins og ýta undir nýtingu þess fyrir ferðamennsku í sátt við náttúruna. Útivistarfolk hefur um áratugi ferðast um það svæði sem Vatnajökulspjóðgarður mun ná yfir og í hópi þess eru þeir sem best þekkja hálendið. Markmiðum frumvarpsins verður því ekki náð nema með góðri sátt og samvinnu við útivistarfolk og beinni aðkomu fulltrúa þess að ákvörðunum um ferðamennsku innan þjóðgarðsins.

#### **1. Unnið án samráðs**

Ekkert samráð hefur verið haft við Samút eða nokkurt félag útivistarfólks, notenda um útfærslu og stjórnsýslu þjóðgarðarins.

#### **2. Þjóðgarðsstjórn**

Ekki er gert ráð fyrir því að samtök Útivistarfélaga eiga ekki fulltrúa í stjórn(um) þjóðgarðsins. Farsælla er að fulltrúar þeirra sem nýta landið til útivistar eigi fulltrúa í þjóðgarðsstjórn og í raun ómögulegt fyrir þjóðgarðsstjórn að henda reiður á umfangi og þörfum útivistar og ferðamennsku án beinnar þátttöku útivistarmanna.

#### **3. Almennaréttur og umferð**

Reglur um almennarétt og umferð eru óljósar. Útivist og umferð á þessu landsvæði á sér langa sögu og hefðir. Engir eru betur færir að fjalla um almennarétt og umferð en fulltrúar þess fjölbreytta hóps sem nýtir landið til útivistar. Í ljósi þess er aftur minnt á nauðsynlega aðkomu útivistarmanna að undirbúningi og stjórn þjóðgarðsins.

#### **4. Aðkoma að ágreiningsmálum**

Ekki er kveðið á um að leita skuli umsagnar samtaka útivistarfólks varðandi útfærslu á þeim lögum sem hér um ræðir og Samút er ekki gefið færi á að kæra ákvarðanir til umhverfisráðherra og situr því skör lægra en t.a.m. umhverfisverndarsamtök.

Enn og aftur er því minnt á þörfina á því að notendur landsins (Samút) eigi fulltrúa í Þjóðgarðsstjórn(um).

#### **5. Gjaldtaka**

Ákvæði um gjaldtöku fyrir aðgang að einstökum landsvæðum innan þjóðgarðs eru óljós. Slík gjöld eru óþekkt héraðs og orka tvímælis gagnvart almannarétti og upplifun og aðgengi útivistarmanna að eigin landi.

#### **6. Verndaráætlun.**

Verndaráætlun er ekki til fyrir Vatnajökulþjóðgarð en skal unnin innan tveggja ára. Verndaráætlun innifelur m.a. skipulag umferðar og aðgengi og er brýnt að fulltrúar notenda séu þáttakendur í slíkri vinnu. Enn og aftur er því minnt á þörfina á því að Samtök Útivistarfélaga eigi fulltrúa í Þjóðgarðsstjórn(um).

Nánari upplýsingar veita eftirtaldir:

Magnús Tumi Guðmundsson, formaður Jöklarannsóknafélags Íslands, sími 861 5867

Ólafur Örn Haraldsson, forseti Ferðafélags Íslands, sími 891 9719

Karl Ingólfsson, Íslenska Alpaklúbbnum, sími 894 9595

Skúli H. Skúlason, Ferðaklúbbnum 4x4, sími 894 2920